

Mánudagurinn 29. maí 2000

144. fundur samkeppnisráðs

Álit nr. 5/2000

Erindi Arnóls ehf. vegna túlkunar ríkisskattstjóra á undanþáguákvæðum virðisaukaskattslaga

I.

Erindið

1.

Samkeppnisstofnun barst erindi dags. 21. desember 2000 frá Guðrúnu Helgu Brynleifsdóttur hdl., f.h. Arnóls ehf. Þar er kvartað yfir samkeppnisstöðu Arnóls gagnvart keppinautum sem séu annars vegar Þjóðleikhúsið og Þjóðleikhúskjallari ehf. og hins vegar Iðnó ehf. og Iðnó við Tjörnina ehf. vegna undanþáguákvæðis virðisaukaskattslaga.

Í erindinu kemur fram að Arnól reki veitingastað og séu sýningar af ýmsum toga t.d. leiksýningar og söngsýningar ríkur þáttur af starfseminni. Virðisaukaskattur hafi verið innheimtur af heildarendurgjaldi seldra aðgöngumiða en aðgöngumiðar séu annars vega seldir á söng- eða leiksýningu, kvöldverð og dansleik saman eða á sýningu eða dansleik sérstaklega. Félagið sé ósátt við að þurfa að innheimta virðisaukaskatt af tónleikum og leiksýningum vegna ytri umgjarðar í starfseminni á sama tíma og aðrir keppinautar séu undanþegnir á grundvelli 4. tl. 3. mgr. 2. gr. laga nr. 50/1988 um greiðslu virðisaukaskatts.

Einnig segir í erindinu: „*Þjóðleikhúsið er opinbert fyrirtæki (á fjárlögum; B-deild). Önnur leikhús og menningarstarfsemi njóta margvíslegra styrkja hins opinbera. Umbjóðandi minn nýtur engra slíkra, en er þó að starfa í beinni samkeppni við umrædda aðila. Ljóst er því að umbjóðandi minn er auk þess sem hann er að keppa við ríkisrekna og ríkisstyrkta samkeppnisaðila meinað af skattayfirvöldum að hafa samskonar rekstrarfyrirkomulag á sinni starfsemi og helstu samkeppnisaðilar.*

Umbjóðandi minn hefur formlega leitað álits ríkisskattstjóra á því hvort honum sé heimilt að haga sínum rekstri með sama hætti og samkeppnisaðilar en fengið synjun á því. Kvartað er yfir þeirri synjun enda stríðir hún gegn 1. gr. laga, sbr. d-lið 5. gr. laga nr. 8/1993. Umrætt undanþáguákvæði virðisaukaskattlaga og túlkun skattfyrvalda á því torveldar frjálsa samkeppni og er því andstætt markmiðum samkeppnislaga. Álit ríkisskattstjóra um að tengsl séu það mikil milli félaganna á að ekki sé heimilt að hafa þennan hátt á er auk þess andstætt grunnreglum félagaréttar. Það fær ekki staðist að félag sem stundar þá menningastarfsemi sem lýst er í 4. tl. 3. mgr. 2. gr. og eru undanþegin virðisaukaskatti, sé talið stunda annars konar starfsemi (sem er í dæmi þessu virðisaukaskattskyld) og vegna þess að félagið starfar „í tíma og rúmi“, t.d. á sömu dögum, á undan eða á eftir, í sömu fasteign eða salarkynnum og annað félag sem hefur virðisaukaskattskylda starfsemi með höndum.“

Í áliti ríkisskattstjóra, sem nánar verður vikið að síðar, kemur m.a. fram að skilyrði fyrir undanþágunni í 2. máls. 4. tl. sé að ekki fari fram í tengslum við þá starfsemi annað samkomuhald eða veitingastarfsemi samhliða hinni undanþegnu starfsemi, hvorki á undan eða eftir þeirri undanþegnu, þannig að um eina samkomu sé að ræða. Sé aðgöngumiði að tónleikum og kvöldverði seldur í sama miða ber samkvæmt þessari túlkun að innheimta virðisaukaskatt af heildarendurgjaldinu. Það sama gildi um aðrar veitingar s.s. vínveitingar, gosdrykki og sælgæti. Ríkisskattstjóri virðist líta svo á að við mat á því hvort umrædd starfsemi sé undanþegin eða ekki ráði úrslitum í hvernig húsnæði starfsemin sé stunduð. Túlkun ríkisskattstjóra á því hvenær umrædd starfsemi sé undanþegin og hvenær ekki virðist byggð á því sjónarmiði að aðgangseyrir að tónleikum, íslenskum kvikmyndum, listdanssýningum, leiksýningum og leikhúsum sé undanþeginn ef húsnæðið sé með s.k. „bíósniði“ þ.e. að ekki sé borð fyrir framan gestina.

Kvartandi telur engan mun vera á starfsemi Arnóls ehf. og þeirri starfsemi sem sé í boði t.d. í Þjóðleikhúsinu og Þjóðleikhúskjallaranum ehf. og í Iðnó ehf. og Iðnó við Tjörnina. Í öllum tilvikum sé um reglulega starfsemi að ræða, aðilar starfi á sama markaði, á sama tíma og hafi þá starfsemi með höndum að bjóða almenningi þá þjónustu að sjá sýningar og snæða í tengslum við þá skemmtun kvöldverð. Ef tengsl séu vegna salarkynna í dæmi því sem lagt hafi verið fyrir ríkisskattstjóra, þá séu þau einnig fyrir hendi í dæmi samkeppnisaðilanna. Starfsemin sé rekin í sömu fasteign, þættirnir í starfseminni séu í boði „á undan eða eftir“ hver öðrum. Það séu tengslin í „tíma og rúmi“.

Í erindinu er starfsemi keppinautanna einnig lýst. Þar segir: „Ef tekið er dæmi af starfsemi leikhúsa, þá eru veitingar seldar fyrir sýningu og í hléi af bar. Það er gert í öllum helstu leikhúsum landsins. Leikhúsgestum gefst jafnframt kostur á til að mynda í Þjóðleikhúsinu að kaupa s.k. „leikhúsmatseðil“ í tengslum við leiksýninguna. Þá er kvöldverður snæddur á undan eða á eftir sýningu og er slíkur kvöldverður seldur á sérkjörum eða á „pakkaverði“ við kaup á leikhúsmiða. Sé sá kostur valinn að snæða kvöldverð fyrir sýningu, halda gestir borði sínu ef farið er í hléi til þess að snæða þar eftirrétt eða þiggja aðra hressingu. Í Borgarleikhúsinu, Hlaðvarpanum, Loftkastalanum og Iðnó er allstaðar hægt að kaupa veitingar af ýmsum toga, fyrir sýningu, í hléi og eftir sýningu. Ræðst það af salarkynnum hvort hægt er að neyta veitinga á meðan á sýningu stendur eða ekki.

Í auglýsingabæklingi frá Iðnó kemur fram að við hádegissýningar er léttur hádegisverður innifalinn í verðinu. Það kemur einnig fram að s.k. Iðnókorthafar fá 20% afslátt fyrir sýningar af veitinga- og kaffihúsinu í Iðnó og frían fordrykk á undan máltíð. Er því alveg ljóst að starfsemin er hér með nákvæmlega sama sniði og hjá umbjóðanda mínum, nema að tveir eða fleiri aðilar sjá um reksturinn þar sem annar þátturinn er skráður með virðisaukaskattskylda starfsemi en hinn ekki.

Borgarleikhúsið auglýsti hinn 21. nóvember s.l. „Jólahlaðborð og leikhús“ þar sem eitt verð er auglýst fyrir leiksýningu og kvöldverð. Aðilar að auglýsingunni eru Leikfélag Reykjavíkur og Eldhúsið, veitingahús í Kringlunni. Hér er um nýjung að ræða eins og fram kemur í auglýsingunni, en ljóst má vera að hér eru tveir rekstraraðilar að bjóða fram samskonar þjónustu og umbjóðandi minn, í beinni samkeppni við hann“.

Loks segir í erindinu að með ofangreindu hafi verið sýnt fram á að rekstrinum hjá helstu samkeppnisaðilum sé skipt í undanþegna starfsemi og virðisaukaskattskylda. Það skipti engu máli frá samkeppnissjónarmiðum hvernig eignaraðildinni sé háttað. Rekstraraðilarnir Þjóðleikhúsið og Þjóðleikhúskjallarinn ehf. selji hver sinn þátt sérstaklega, skrá tekjur af starfseminni hver hjá sér, innheimti virðisaukaskatt af veitingastarfseminni en ekki af sýningum. Þjóðleikhúsið sé væntanlega, þrátt fyrir að vera í atvinnugrein, sem ein og sér sé undanþegin virðisaukaskatti, á virðisaukaskattskrá vegna sölu veitinga á undan sýningu eða í hléi. Það sýni enn frekar hve veitingar séu ríkur þáttur í menningarviðburðum af þessum toga. Það sé ekki samrýmanlegt markmiði samkeppnislaga að skilgreina umrædda starfsemi í virðisaukaskattskylda og

undanþegna eftir því hvar og hvenær veitinganna er neytt og hvort hægt sé að neyta veitinga úr stól á meðan sýningu stendur eða ekki. Það sé fráleitt við mat á skattalegri stöðu aðila, sem starfi í samkeppni á sama markaði, að láta atriði sem þessi ráða úrslitum. Það fái ekki staðist að stjórnvöld geti með setningu slíkra ákvæða og túlkun á þeim brotið allar meginreglur um viðskiptafrelsi, og þar með torvelað alla frjálsa samkeppni, með því að stýra með hvaða hætti umrædd þjónusta sé látin í té með þeim afleiðingum að aðilar sem starfi á sama markaði, á sama tíma búi ekki við sömu skilyrði þ.á m. skattalega meðferð.

Með vísan til 19. gr. samkeppnislaga sé þess farið á leit að samkeppnisráð grípi til þeirra aðgerða er lögin heimili. Umrædd synjun ríkisskattstjóra brjóti í bága við samkeppnislög.

II.

Málsmeðferð

1.

Erindi lögmannsins var sent Þjóðleikhúsinu, Þjóðleikhúskjallaranum, Iðnó og Iðnó við Tjörnina til umsagnar auk ríkisskattstjóra.

2.

Í umsögn Þjóðleikhúskjallarans, dags. 20. janúar sl., kemur m.a. fram að rekstur Þjóðleikhúskjallarans sé með öllu óskyldur rekstri Þjóðleikhússins hvað varði tekjuskráningu og skattskil fyrirtækisins. Þjóðleikhúskjallarinn opni miðasölu sína kl. 23:00 og hafi þeir gestir sem komi fyrir þann tíma frían aðgang, hvort heldur það séu gestir Þjóðleikhússins eða aðrir. Hvað varði matsölu fyrir leiksýningar þá sé venja að selja stærri hópum mat á samkeppnishæfu tilboðsverði. Gildi það jafnt um gesti Þjóðleikhússins sem og aðra hópa. Að því leyti sé Þjóðleikhúskjallarinn að keppa við mörg matsöluhús í nágrenninu.

3.

Í umsögn Þjóðleikhússins, dags. 24. janúar sl., kemur m.a. fram að enda þótt Þjóðleikhúsið sé opinbert fyrirtæki á fjárlögum þá hvíli á því ýmsar skyldur lögum samkvæmt sem ekki hvíli á öðrum leikhúsum. Í leiklistarlögum nr. 138/1998 sé kveðið á um það að Þjóðleikhúsið sé eign íslensku þjóðarinnar. Aðalverkefni Þjóðleikhússins sé flutningur íslenskra og erlendra sjónleikja, auk þess sem leikhúsið skuli standa að flutningi á óperum, söngleikjum og listdans-

sýningum. Þá beri leikhúsinu lagaskylda til þess að flytja a.m.k. eitt barnaleikrit á ári og fara leikferðir um landið. Samkvæmt 11. gr. megi ekki nota Þjóðleikhúsið til annarrar menningarstarfsemi, þegar ekki sé verið að nota hana til reglubundinnar starfsemi. Í 12. gr. sé kveðið á um að kostnaður af rekstri Þjóðleikhússins greiðist úr ríkissjóði eftir því sem ákveðið sé í fjárlögum og eigið aflafé leikhússins hrökkvi ekki til.

Af gefnu tilefni er áréttað að Þjóðleikhúsið selji engar veitingar aðrar en sælgæti, auk þess sem gos sé selt á smíðaverkstæði leikhússins. Þá sé rétt að geta þess að leikhúsið sé einnig með smá sölu á bókum og geisladiskum í anddyri leikhússins. Leikhúsið sé með virðisaukaskattsnúmer vegna þessarar starfsemi.

Loks segir í umsögninni: „*Með samningi, dags. 16. júlí 1993, gerði Þjóðleikhúsið samning við Þjóðleikhúskjallarann ehf., knt. 641091-1389, (þá Ingó hf.) um leigu á kjallara leikhússins til rekstrar veitingastaðar og mötuneytis fyrir starfsfólk leikhússins. Ljósrit samningsins fylgir hér með. Þá fylgir hér með vottorð úr hlutafélagaskrá, þar sem fram koma upplýsingar um það hverjir eru stofnendur og stjórnarmenn Þjóðleikhúskjallarans ehf. Það þarf enginn að velkjast í vafa um það að Þjóðleikhúskjallarinn ehf. og Þjóðleikhúsið eru óskyldir aðilar. Svo sem fram kemur í samningnum frá 16. júlí 1993 annast Þjóðleikhúskjallarinn ehf. m.a. vínveitingar og eftir atvikum kaffiveitingar í Kristalssal á 2. hæð leikhússins.*

Af ofanrituðu er ljóst að veitingasala í húsakynnum Þjóðleikhússins fer ekki fram á vegum leikhússins.“

4.

Í umsögn ríkisskattstjóra, dags. 25. janúar 2000, kemur fram að fullyrðing Arnóls ehf. um að skattayfirvöld hafi meinað fyrirtækinu að hafa samskonar rekstrarfyrirkomulag á sinni starfsemi og helstu samkeppnisaðilar hafi, sé röng. Umrætt bindandi álit taki til þess að fyrirhuguð starfsemi félags sem Arnól ehf. ráðgeri að stofna teljist til virðisaukaskattskyldrar starfsemi samkvæmt 2. gr. laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt með síðari breytingum. Í álitinu sé engin afstaða tekin til þess með hvaða hætti Arnól ehf. skipi rekstri sínum. Þá vill ríkisskattstjóri árétt að hann hafi byggt álit sitt m.a. á því að tengsl í tíma og rúmi yrðu á fyrirhugaðri starfsemi félaganna tveggja miðað við framkomna lýsingu. Í álitinu sé hins vegar ekkert vikið að tengslum félaganna sjálfra, hvorki er varði eignarhald né fjárhag.

Í bindandi áliti ríkisskattstjóra nr. 99100025 eru málavextir raktir. Þar kemur fram að Arnól ehf. hyggist stofna sérstakt félag sem ætlað sé að standa að þeim þætti starfsemi Arnóls ehf. er lúti að skemmtidagskrá, þ.e. tónleikum, söngskemmtunum og leiksýningum. Hins vegar sé fyrirhugað að Arnól ehf. standi áfram að veitingastarfsemi og dansleikjahaldi. Því sé þeirri spurningu beint til ríkisskattstjóra hvort sú ráðstöfun að aðgreina starfsemina með þessum hætti í tvö félög sé heimil og tæk samkvæmt virðisaukaskattslögum.

Í niðurstöðum ríkisskattstjóra segir m.a. „Í 4. tl. 3. mgr. 2. gr. er tiltekið að undanþegin virðisaukaskatti sé starfsemi safna, svo sem bókasafna, listasafna, og náttúrugripasafna, og hliðstæð menningarstarfsemi. Sama gildir um aðgangseyrir að tónleikum, íslenskum kvikmyndum, listdanssýningum, leiksýningum og leikhúsum, enda tengist samkomur þessar ekki á neinn hátt öðru samkomuhaldi eða veitingastarfsemi.

Af framkominni lýsingu á fyrirhugaðri starfsemi Arnóls ehf. og óstofnaðs félags má ljóst vera að tengsl munu verða á starfsemi félaganna tveggja í tíma og rúmi. Þrátt fyrir að þættir í starfsemi óstofnaðs félags geti, eins og þeim er lýst, einir og sér fallið undir hugtökin tónleikar og leiksýningar í skilningi framangreinds ákvæðis, teljast þeir samkvæmt hljóðan ákvæðisins til virðisaukaskattskyldrar starfsemi vegna fyrirhugaðra tengsla við veitingastarfsemi og dansleikjahald Arnóls ehf. Orðalag ákvæðisins er skýrt og afdráttarlaust og án fyrirvara um það hvort einn eða fleiri rekstraraðilar standa að þeirri tvíþættu tengdu starfsemi sem um ræðir“.

5.

Umsögn ríkisskattstjóra var send lögmanni Arnóls ehf. til frekari athugasemda og bárust þær þann 10. febrúar sl.

Þar kemur m.a. fram að ljóst megi vera að með umræddu áliti sé ríkisskattstjóri að synja Arnól ehf. um að haga rekstri á nánar tiltekinni starfsemi með sama hætti og samkeppnisaðilar.

Ljóst megi vera að félag (persóna að lögum) sem stundi skilgreinda starfsemi sem sé undanþegin virðisaukaskatti, hafi ekki með höndum einhverja aðra skilgreinda starfsemi, þ.e. virðisaukaskattskylda, á þeim forsendum og með þeim rökum að félagið starfi í „tíma og rúmi“ í tengslum við annað félag, eins og ríkisskattstjóri haldi fram í áliti sínu. Umrædd túlkun sé rökleysa, enda sé ekki

hægt að skýra undanþáguákvæðið með þeim hætti að það stríði gegn almennum grundvallarreglum félagaréttar. Tvö félög innheimti ekki saman „heildar-endurgjald“ vegna mismunandi þjónustu sem þau láti í té.

Loks segir í athugasemdunum: „Skattaleg staða aðila er í túlkun ríkisskattstjóra á orðalagi ákvæðisins í 4. tl. 3. mgr. 2. gr. laga nr. 50/1988 „enda tengist samkomur þessar ekki á nokkurn hátt...veitingastarfsemi“, látin ráðast af því hvar veitinga er neytt. Starfsemin er virðisaukaskattskyld ef veitinga er neytt úr stól í þeim sal þar sem sýning fer fram, en undanþegin virðisaukaskatti ef veitinga er neytt beint fyrir utan salinn eða annarstaðar í húsnæðinu. Þessi framkvæmd er til þess fallin að mismuna atvinnugreininni skattalega og raska þar með gróflega samkeppnisstöðu aðila. Veitingasala í tengslum við umræddar sýningar, er ávallt í boði með einu eða öðru sniði. Verður því einu að gilda um skattalega stöðu aðila. Í svari Þjóðleikhússins til Samkeppnisstofnunar varðandi umrætt erindi kemur og fram að um mjög víðtækt samstarf er að ræða milli þessara aðila, en þeir hafa gert með sér samning um að Þjóðleikhúsið leigi kjallara leikhússins til rekstrar veitingastaðar. Þjóðleikhúskjallarinn ehf. annast jafnframt veitingasölu í Kristalssal á 2. hæð leikhússins“.

6.

Athugasemdir Arnóls ehf. voru sendar ríkisskattstjóra til frekari umsagnar. Þær bárust þann 9. maí sl. Þar kemur m.a. fram að vegna fullyrðinga Arnóls um að túlkun ríkisskattstjóra á skattalegri stöðu þeirra er málið varði, ráðist af því hvar veitinga sé neytt vill ríkisskattstjóri áréttta að í bindandi álitinu sé vísað til fyrirhugaðra tengsla starfsemi óstofnaðs félags við veitingastarfsemi og dansleikjahald Arnóls ehf.

7.

Athugasemdir ríkisskattstjóra voru sendar kvartanda til upplýsinga. Skriflegar umsagnir bárust hvorki frá Iðnó við Tjörnina né Iðnó en haft var samband við leikhúsið óformlega.

III.

Álit samkeppnisráðs

Á fundi samkeppnisráðs, þann 29. maí 2000, var mál þetta afgreitt. Fundinn sátu Brynjólfur Sigurðsson, Karitas Pálsdóttir, Ólafur Björnsson og Sigurbjörn Magnússon.

1.

Með vísan til markmiðs samkeppnislaga nr. 8/1993, sbr. 1. gr., vekur samkeppnisráð athygli ríkisskattstjóra á eftirfarandi álitum sem birt er á grundvelli d-liðar 2. mgr. 5. gr. laganna.

2.

Mál þetta snýst í stuttu máli um það hvort túlkun ríkisskattstjóra sem fram kemur í bindandi álitum hans nr. 99100025 frá 15. október 1999 á 4. tl. 3. mgr. 2. gr. laga nr. 50/1988 um greiðslu virðisaukaskatts feli í sér samkeppnislega mismunun. Í ákvæðinu eru skemmtanir, leiksýningar ofl. undanþegið greiðslu virðisaukaskatts. Þar af leiðandi er ekki greiddur virðisaukaskattur af aðgangsmiðum á sýningar leikhúsa eins og Þjóðleikhússins, Borgarleikhússins eða Iðnó.

Í tengslum við leiksýningar bjóða leikhúsin í samvinnu við veitingahús oft upp á svokallaða „pakkasýningar“ þar sem boðið er upp á kvöldverð í tengslum við leiksýningar. Greiða sýningagestir þá virðisaukaskatt af veitingum en ekki af leiksýningunni. Kvartandi rekur fyrirtæki þar sem boðið er upp á leiksýningar eða skemmtun með eða án kvöldverðar. Ríkisskattstjóri hefur túlkað ákvæði 2. gr. virðisaukaskattslaga á þá leið að þrátt fyrir að stofnað yrði nýtt fyrirtæki sem sæi um skemmtidagskrá ætti undanþáguákvæðið ekki við kvartanda þar sem sýningagestir snæði kvöldverð á sama stað og leiksýningar eða skemmtanir eru sýndar. Þar af leiðandi séu svo mikil tengsl í tíma og rúmi að heildarendurgjaldið sé virðisaukaskattskyld.

3.

Samkvæmt 1. gr. laga um virðisaukaskatt, nr. 50/1988, skal greiða virðisaukaskatt af viðskiptum innanlands á öllum stigum, svo og af innflutningi vöru og þjónustu, eins og nánar er kveðið á um í lögnum. Í 3. mgr. 2. gr. er talin upp sú vinna og sú þjónusta sem undanþegin er virðisaukaskatti. Í 4. tl. 3. mgr. kemur fram að undanþeginn virðisaukaskatt sé aðgangseyrir að tónleikum,

íslenskum kvikmyndum, listdanssýningum, leiksýningum og leikhúsum, enda tengjast samkomur þessar ekki á nokkurn hátt öðru samkomuhaldi eða veitingastarfsemi.

4.

Í máli Arnóls kemur fram að fyrirtækið standi að leiksýningum og söngsýningum. Þjóðleikhúsið, Iðnó, Borgarleikhúsið og fleiri leikhús bjóða einnig upp á leik- og söngsýningar. Umrædd leikhús eru öll á höfuðborgarsvæðinu og verð á aðgöngumiðum er svipað. Flestir þessara aðila bjóða upp á leik- og söngskemmtanir. Ætla má að staðganga sé á milli slíkrar afþreyingar og umrædd fyrirtæki eru því að þessu leyti á sama markaði. Fyrirtækin keppa því að þessu marki sín á milli um sýningargesti.

Undanfarin ár hafa leikhús í auknum mæli boðið upp á svokallaðar „pakkasýningar“, en í því felst að sýningargestir snæða mat fyrir eða eftir sýningar á veitingastöðum eða á meðan sýningu stendur inni í leiksal. Veitingar eru þá keyptar af óskyldum aðila. Þegar sýningargestir fara í annað rými til að borða eins og í tengslum við sýningar Þjóðleikhússins, kaupa þeir tvo miða í leikhúsinu. Annar er „matarmiði“ í Þjóðleikhúskjallarann þar sem veitinga er neytt og á þann miða leggst virðisaukaskattur en hinn miðinn felur í sér aðgang á leiksýningu og er án virðisaukaskatts. Matarmiðinn er síðan skilinn eftir í Þjóðleikhúskjallaranum og veitingastaðurinn endurkrefur Þjóðleikhúsið um andvirðið að álögðum virðisaukaskatti. Þegar um er að ræða leiksýningu og veitingar í sama sal eins og í Iðnó er aðgöngumiðinn tvískiptur, annars vegar felur hann í sér gjald fyrir leiksýningu sem ekki leggst á virðisaukaskattur og hins vegar gjald fyrir veitingar sem felur jafnframt í sér virðisaukaskatt. Sýningargestir greiða aftur á móti aðeins eitt heildarendurgjald. Fram hefur komið að leikhús kaupi máltíðir af veitingastað og bæti því verði á aðgangseyrinn. Veitingastaðurinn hefur þá lagt virðisaukaskatt á sína þjónustu.

Í bindandi áliti ríkisskattstjóra hefur Arnól verið synjað um að hafa sama hátt á og að framan er lýst, þ.e að stofna sérstakt fyrirtæki sem væri ótengt Arnól og sæi um skemmtidagskrá. Fyrirtækið kæmi síðan til með að kaupa veitingar af Arnól og um þau viðskipti færi skattalega eins og um viðskipti ótengdra aðila. Sýningargestir á leiksýningar fyrirtækisins myndu þá á sama hátt kaupa tvískiptan aðgöngumiða en greiða eitt heildarendurgjald sem í væri virðisaukaskattur á veitingar en ekki sýningu.

Í ljósi þess að Arnól er a.m.k að hluta til á sama markaði og önnur leikhús og keppir þar af leiðandi við þau, sýnir það að mati samkeppnisráðs samkeppnisstöðu fyrirtækisins að geta ekki keppt á jafnræðisgrundvelli vegna þess að fyrirtækið nýtur ekki sömu undanþágu til að greiða ekki virðisaukaskatt af aðgöngumiðum og keppinautarnir. Það er grundvallaratriði í samkeppnisrétti að fyrirtæki á sama markaði búi við sömu samkeppnisskilyrði og þá sérstaklega hvað varðar túlkun opinberra aðila á lögum og reglugerðum. Samkeppnisráð telur túlkun ríkisskattstjóra á 4. tl. 3. mgr. 2. gr. laga nr. 50/1988, eins og hún kemur fram í umræddu bindandi áliti, leiða til samkeppnislegrar mismununar milli keppinauta og raska þar með samkeppni. Samkeppnisráð beinir þeim tilmælum til ríkisskattstjóra að hann beiti sér fyrir því að samskonar reglur gildi að þessu leyti gagnvart öllum keppinautum.